

## FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR KVÍKU BANKA HF.

30. mars 2021

Þriðjudaginn 30. mars 2021, kl. 16:00, var haldinn hluthafafundur í Kvíku banka hf., kt. 540502-2930 („bankinn“ eða „félagið“) á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

### Fundarsetning og skipun fundarstjóra

Stjórnarformaður bankans, Sigurður Hannesson, setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Stjórnarformaður lagði til að Halldór Karl Halldórsson lögmaður myndi gegna hlutverki fundarstjóra. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Lilja Jensen yfirlögfræðingur bankans yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

### Boðun fundar og tilskilinn meirihluti

Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 60,95% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög um hlutafélög nr. 2/1995 („hfl.“) og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti.

Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og bærán til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá fundarins voru.

### Atkvæðagreiðsla - Lumi AGM

Fundarstjóri fór yfir það að í samræmi við 80. gr. a hfl. og 3.8 gr. samþykktu félagsins jafngildi rafræn þátttaka fullgildri þátttöku á fundinum. Hægt væri að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geti kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi.

Hluthöfum var bent á að skrá inn auðkenni fundarins (*Enter Meeting ID: 170-976-984*). Því næst skrái hann sig inn með notendanafni (*Username*) og lykilorði (*Password*) sem hluthafi fékk afhent, annaðhvort í tölvupósti eða á blaði á fundarstað.

Þá var greint frá því að atkvæðagreiðsla á fundinum færi alfarið fram í gegnum Lumi AGM og var farið nánar yfir tilhögun atkvæðagreiðslu. Fram kom að hægt væri að greiða atkvæði í 30 sekúndur eftir að tillaga hafi verið borin upp á fundinum og að hægt væri að breyta atkvæðinu allt til loka þess frests. Atkvæði hluthafa eins og þau standa við lok frests til atkvæðagreiðslu myndar afstöðu þeirra til viðkomandi tillögu.

### Dagskrá

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Tillaga um samruna Kvíku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans, þ.e. um hækkun hlutafjár.
3. Umræður og önnur mál löglega borin fram.

## Fyrirliggjandi gögn

Fyrir fundinum liggja fyrir eftirfarandi gögn og hafa þau legið fyrir, hluthöfum til sýnis, frá 24. febrúar 2021:

- A. Samrunaáætlun, dags. 23. febrúar 2021, sbr. 120 gr. hfl.
- B. Greinargerðir stjórnar samrunafélaganna, sbr. 121. gr. hfl.
- C. Samrunareikningur, þ.e. sameiginlegur efnahagsreikningur og drög að upphafsreikningi sameinaðs félags, sbr. 121. gr. hfl.
- D. Skýrslur sérfróðra matsmanna og yfirlýsingar, sbr. 122. gr. hfl.
- E. Ársreikningar samrunafélaganna fyrir rekstrarárin 2018, 2019 og 2020.
- F. Afrit af auglýsingu í Lögbirtingarblaði, birt þann 24. febrúar 2021.

Fundarstjóri fór yfir þau gögn sem liggja skulu fyrir á fundinum samkvæmt 124. gr. hfl. og staðfesti að gögnin lægju sannanlega fyrir.

Önnur gögn sem liggja fyrir á fundinum:

- G. Fundarboð, birt þann 8. mars 2021.
- H. Ályktunartillögur stjórnar, birtar þann 8. mars 2021.
- I. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, birt þann 8. mars 2021.

---

## Samþykktir fundarins

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Tillaga um samruna Kviku, TM og Lykils

Fundarstjóri gaf Marínó Erni Tryggvasyni, forstjóra bankans, orðið og rakti hann m.a. aðdraganda fyrirhugaðs samrunans, rekstrarlegar forsendur, vænt samlegðaráhrif, framtíðarsýn og lykiltölur.

Fundarstjóri þakkaði forstjóra fyrir kynninguna og bauð Sigurði Hannessyni, stjórnarformanni bankans, að taka til máls og mæla fyrir tillögu stjórnar um samrunann.

Samkvæmt 4. mgr. 124. gr. hfl. ber stjórn að upplýsa um atvik frá gerð samrunaáætlunar sem hafa verulega þýðingu. Staðfesti stjórnarformaður að engar verulegar breytingar hafi orðið á eignum og skuldum félaganna eða önnur atvik sem hafi verulega þýðingu hafi átt sér stað frá því að samrunaáætlun var undirrituð 23. febrúar sl.

Engir aðrir óskuðu eftir að taka til máls og engar spurningar komu fram.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

*„Hluthafafundur Kviku banka hf. haldinn 30. mars 2021 samþykkir samruna Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. í samræmi við framlagða samrunaáætlun sem samþykkt hefur verið og undirrituð af stjórnnum allra félaga þann 23. febrúar 2021. Samþykkt fundarins er með þeim fyrirvara að samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaefyrirtæki, fái stjórnunum.“*

Fundarstjóri varpaði tillögu stjórnar upp á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með öllum greiddum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

## 2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans

Fundarstjóri skýrði frá tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins en fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

*„Hluthafafundur Kviku banka hf. haldinn 30. mars 2021 samþykkir tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við samruna félagsins við TM hf. og Lykil fjármögnun hf. Í tillögunni felst m.a. að fundurinn samþykkir að hækka hlutafé félagsins um kr. 2.509.934.076, úr kr. 2.186.717.495 í kr. 4.696.651.571 sem afhent verður núverandi hluthöfum TM hf. í skiptum fyrir eignarhluta þeirra í TM hf. og Lykli fjármögnun hf.“*

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1. samþykktu félagsins þannig að verði hún samþykkt verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

*„Heildarhlutafé félagsins er kr. 4.696.651.571. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“*

Fundarstjóri varpaði tillögu að þeim breytingum upp á skjá til yfirferðar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

## 3. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

- - -

## Fundargerð og Fundarslit

Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð fundarins að loknum fundi og annast nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár Skattsins, Nasdaq verðbréfamiðstöðva og Kauphallar. Fundargerðin verður birt á heimasíðu félagsins að því frágengnu en jafnframt verður hún aðgengileg á skrifstofu félagsins. Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundinum slitið kl. 16:34.

Til staðfestingar á ofangreindu er fundargerðin undirrituð af fundarstjóra og fundarritara rafrænt. Rafræn undirritun jafngildir skriflegri undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Halldór Karl Halldórsson, fundarstjóri

Lilja Jensen, fundarritari

[Undirritunarsíða fylgir]

# Undirritunarsíða

Lilja Rut Jensen

Halldór Karl Halldórsson